

Launa- og jafnlaunastefna BOFS

Launa- og jafnlaunastefna Barna- og fjölskyldustofu hefur það að markmiði að tryggja starfsfólki sínu sanngjörn starfskjör og jafnræði í launamálum. Stefnan kveður á um að allar launaákvarðanir séu teknar í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Jafnlaunastefna BOFS er órjúfanlegur þáttur af launastefnu BOFS.

Launastefna

Forstjóri ber ábyrgð á launastefnu Barna- og fjölskyldustofu sem byggir á jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun stofunnar. Teymi jafnlaunavottunar sem samanstendur af framkvæmdastjóra fjármála- og mannauðssviðs, mannauðsstjóra og verkefnastjóra umbóta eru ásamt framkvæmdastjórn ábyrgir fyrir innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfisins í samræmi við staðalinn ÍST 85:20212.

- Barna- og fjölskyldustofa greiðir laun sem taka mið af kröfum sem starfið gerir m.a. menntun, þekkingu, hæfni og ábyrgð í samræmi við gildandi kjarasamninga, þar með talið stofnanasamninga.
- Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af starfaflokkun (matsþáttum) stofnunarinnar sem eru 10 talsins, ábyrgð á velferð og þjónustu, ábyrgð á stjórnun, ábyrgð á stefnumótun, þekking og reynsla, ábyrgð á fjármálum og rekstri, samskiptafærni, skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði, tilfinningalegt álag og vinnuaðstæður. Auk persónulegra hæfnispátta.
- Forsendur launaákvarðana eru að þær séu í samræmi við launauppbyggingu Barna- og fjölskyldustofu, studdar rökum og tryggi að starfsfólk stofnunarinnar fái greidd jöfn laun og njóti sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf.
- Hjá Barna- og fjölskyldustofu eru til starfslýsingar fyrir öll störf og þar koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni og ábyrgð starfsins.

Starfsfólk getur óskað eftir launaviðtali við sinn næsta yfirmann um endurskoðun launa. Forstjóri/framkvæmdastjóri/forstöðumaður/teymisstjóri metur erindið, gefur umsögn og kemur með tillögur sem sendar eru til umfjöllunar á fundi framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn hefur það hlutverk að fara yfir erindi sem berast vegna breytinga á launum. Framkvæmdastjórn fundar auk þess einu sinni á ári eða oftár ef þörf er á, þar sem farið er yfir laun alls starfsfólks, aukagreiðslur og hlunnindi til að tryggja að samræmis sé gætt í launagreiðslum.

Jafnlaunastefna

Barna- og fjölskyldustofa gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf.

Skilgreining Barna- og fjölskyldustofu á launajafnrétti styðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Barna- og fjölskyldustofa sig til þess að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 staðalsins. Barna- og fjölskyldustofa hefur innleitt verklag og skilgreint launaviðmið til að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Barna- og fjölskyldustofa sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins og öðlast vottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins.
- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítني við lög.
- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega.
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti árlega þar sem jafnverðmæt störf eru borin saman til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Helstu niðurstöður skulu kynntar fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum þar sem þess er þörf.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega almenningi.

Stefnan samþykkt af framkvæmdastjórn Barna- og fjölskyldustofu 19. ágúst 2025